

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 115/2020

frá 6. ágúst 2020

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/972 frá 2. júlí 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1407/2013 að því er varðar framlengingu á gildistíma hennar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 að því er varðar framlengingu á gildistíma hennar og viðeigandi aðlaganir ⁽¹⁾.
- 2) XV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

XV. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 1ea (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013):
„, breytt með:
– **32020 R 0972**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/972 frá 2. júlí 2020 (Stjttíð. ESB L 215, 7.7.2020, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1j (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014):
„– **32020 R 0972**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/972 frá 2. júlí 2020 (Stjttíð. ESB L 215, 7.7.2020, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/972, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. ágúst 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 215, 7.7.2020, bls. 3.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING